

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 332/2021**

**frá 10. desember 2021**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/882 frá 1. júní 2021 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar liffur *Tenebrio molitor* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/900 frá 3. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófásykru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912 frá 4. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 71.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 10.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

„– **32021 R 0882**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/882 frá 1. júní 2021 (Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 16),

– **32021 R 0900**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/900 frá 3. júní 2021 (Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 71),

– **32021 R 0912**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912 frá 4. júní 2021 (Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 10).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 196. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/601):

„197. **32021 R 0882**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/882 frá 1. júní 2021 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar lirfur *Tenebrio molitor* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 16).

198. **32021 R 0900**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/900 frá 3. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu galaktófasýkru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 71).

199. **32021 R 0912**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912 frá 4. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/882, (ESB) 2021/900 og (ESB) 2021/912, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Rolf Einar Fife**

forseti.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.